

Stjórnarfundur

25. júní 2007

Fundargerð :Stjórn SSA Mánudaginn 25. júní 2007 Fundarstaður : Hótel Höfn Hornafirði.

Áður boðuðum fundi 8. júní sl var frestað til 25 júní vegna jarðarfarar Hrafnkells Jónssonar fyrrv. formanns SSA og sveitarstjórnarmanns á Eskifirði og Fellabæ, í Egilsstaðakirkju 8. júní. Formaður og framkvæmdastjóri ásamt fleiri stjórnarmönnum voru við útförina og kveðja og blómakrans sendur frá SSA og sveitarstjórnnum á Austurlandi.

Mættir eru Bj. Hafþór Guðmundsson , Ólafur Ármannsson, Ólafur Sigurðsson , Guðmundur Ólafsson. ,Ævar Ármannsson , Páll Baldursson, Reynir Arnarson og Guðrún Ingimundardóttir.

Forföll boðaði Guðmundur R. Gíslason og hans varamaður Diana M.Sveinsdóttir.

Framkvæmdastjóri er mættur.

Fundurinn hófst með sameiginlegum hádegisverði kl. 12.30 og gestur var Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri Hafnar sem bauð stjórn SSA velkomna til Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund að loknum hádegisverði og óskaði eftir breytingu á dagskrá þ.e að taka fyrst fyrir lið 9. Vaxtarsamningur Austurlands og liðir 2-8 færist þá aftur fyrir.

Samþykkt samhljóða.

2. Vaxtarsamningur Austurlands : Staðan.

Formaður framkvæmdastjórnar Vaxtarsamningsins Hjalti Þór bæjarstjóri fór yfir undirbúningsvinnu samningsins og vinnu framkvæmdastjórnar, klasa og stjórnar frá stofnun Samningsins í janúar sl. Fulltrúi Iðnaðarráðuneytisins Baldur Pétursson stýrði undirbúningsvinnunni ásamt 15 manna stjórn. Baldur hvarf síðan af landi brott og svo virðist sem lítil tenging eða samráð hafi verið við fulltrúa ráðuneytisins sem síðan tóku við af honum í framkvæmdastjórn samningsins . Áherslur ráðuneytismanna voru aðrar í upphafi en heimamanna, en tekist hefur að samræma sjónamiðin segir H.Þ.V.

Fyrir liggur verkefna og kostnaðaráætlun fyrir yfirstandandi ár. Öflugt net 55 samstarfsaðila stendur að samningnum þar sem m.a SSA og aðildarsveitarfélögin koma myndarlega að samningnum með fjárframlögum.

Kynningarfundur klasavinnunnar (4 vaxtarsvið) er á Egilsstöðum 28. júní nk.

H.Þ.V. óskaði eftir því að stjórnarmenn tjáðu sig um Vaxtarsamninginn og verkefnin.

Allir stjórnarmenn tjáðu sig og bundu öll væntingar til verkefnanna og vinnu þeim tengdum en þrennt stóð þar sameiginlegt uppúr.

1. Of lítið fjármagn frá ríkinu og þröngur tímarammi.
2. Vinnan verður að vera vel upplýst og skila sýnilegum árangri í verkefnunum.

Árangursmat og mæling henni tengdri á verkefninu var rædd.

3. Ekki var gerð athugasemd við verkefnaval en væntingar eru til þeirra verkefna sem eru að fara í gang sérstaklega á “jaðarsvæðunum”.

Formaður þakkaði Hjalta Þór greinagóðar upplýsingar ,sem sagðist hitta stjórnarmenn í óvissuferð að loknum fundi . Vék hann síðan af fundi.

3. A: **Fundargerð stjórnar SSA 24.04.07.**

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

B: **Bréf SSA til stjórnar Sambandsins.**

Með vísan til samþykktar og bókunar á fundi stjórnar 24. apríl sl .liðir 4/2 og 4/3 skrifaði framkvæmdastjóri bréf til formanns Sambands ísl. sveitarfélaga og stjórnar þar sem með fylgdu samþykkt og bókun stjórnar SSA .

Framkvæmdastjóri upplýsti að samþykktin og bréfið hafið m.a. verið til umræðu á fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna á Ísafirði sl. fimmtudag . Fundurinn tók efnislega undir meginefni samþykktar og bréfs SSA og var skilaboðum þar um komið til Halldórs formanns ,sem sagði að bréfið hafi ekki verið tekið fyrir en verði lagt fram á stjórnarfundi Sambandsins sem er 25. júní .

4. **Frá landshlutasamtökum.**

4/1 Eyþing 181.fundur 30.05.07

Fundargerðin lögð fram.

4/2 Eyþing aðalfundur.

Aðalfundur Eyþings verður 5.-6. okt á Húsavík.

4/3 SASS 403.fundur 2.maí 2007.

Fundargerðin lögð fram.

4/4 Skýrsla nefndar til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Framkvæmdastjóri upplýsti að tillögur nefndarinnar hafi verið til umræðu á fundinum á Ísafirði sl. fimmtudag þar sem kynntar voru helstu áherslur í vinnu stjórna landshlutasamtakanna í landshlutunum. Svo virðist sem verkefni um olíuhreinsunarstöð yfirskeygi allt annað í umræðunni og við það eru heimamenn ekki alveg sáttir.Hópur

sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum er að fara til Þýskalands og Hollands í næstu viku til að kynna sér starfsemi og umhverfi Olíuhreinsunarstöðva. Margar tillögurnar geta alveg átt við aðra landshluta sem eru í svipaðri stöðu s.s. samgöngur-GSM-háhraðatengingar-háskólasetur-nýsköpun-heilbrigðisstofnanir –fjölgun opinberra starfa –markaðssetning ferðaþjónustu-o.sv.fr.

Framkvæmdastjóri og form. ítrekuðu þá skoðun sína að tillögur þessar og sérstaklega úrvinnsla geta orðið til þess að styrkja vinnu í öðrum landshlutum (svæði) sem standa frammi fyrir töpuðum atvinnutækifærum og íbúfækkun .

Í umræðum stjórnarmanna kom m.a fram að margar þessar tillögur hafi komið fram áður og sumar eru fyrir í vinnslu hjá stjórnvöldum en “sértækar aðgerðir” sérmerktar landshlutum hafa lítið verið uppi á borðum hjá stjórnvöldum síðustu árin.

5. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

5/1 Fundargerð stjórn 743. fundur 27.apríl 2007.

Fundargerðin lögð fram.

6. Ársreikningur SSA 2006.

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirbyggjandi ársreikninginn. Þannig.

Á SSA hvílir skuldbinding til greiðslu lífeyris fyrrverandi starfsmanna.(15 einstaklingar.) Samkvæmt tryggingarfræðilegri úttekt nemur hún 43,4 millj..kr. í árslok 2006 og hefur hækkað um 5,2 millj.kr. á árinu. Á árinu 2005 var hækkun lífeyrisskuldbindinga alls 0.8 millj.

Skuldbindingin er færð í rekstrareikningi sem aðrir rekstrarliðir þannig: Vextir af lífeyrisskuldbindingu kr 726.168 og hækkun skuldbindinga kr. 4.471.175.Framlag Jöfnunarsjóðs nam alls kr.14.950.577 og að viðbættum framlögum aðildarsveitarfélaganna (8.755.000) eru heildartekjur á árinu kr.23.705.577.

Afkoma af reglulegri starfsemi er jákvæð um kr. 4.320.620.

Rekstrarfkoma ársins með lífeyrisskuldbindingum er neikvæð um 876.723.

Efnahagsreikningurinn sýnir peningalega stöðu án lífeyrisskuldbindinga kr.

18.126.413 Handbært fé í lok ársins er 19.561.481 sem er hækkun frá 2005 um kr. 6.614.261.

Eftir umræður var svohljóðandi samþykkt samhljóða.

Stjórn SSA samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi ársreikning SSA 2006 og vísar honum til endanlegrar afgreiðslu aðalfundar SSA 2007.

7. Endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA 2007 og fjárhagsáætlun SSA 2008

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007

Tekjur hækka um kr.1.265.000 v/ hækkunar á áætluðu framlagi úr Jöfnunarsjóði og verða ásamt framlagi aðildarsveitarfélaganna alls kr. 23.618. 000 .

Rekstur og sérverkefni (1-6) hækka samtals um kr..1.447.000 og verða kr. 23.531.000
Breytingar skiptast þannig:

- 1 Laun og launatengd gjöld hækka um kr. 411.000 og verða 11.790.000
- 2 Annar stjórnunarkostnaður hækkar um kr. 171.000 og verður kr. 3.891
- 3 Funda- og ferðakostnaður lækkar um - kr.135.000 og verður kr. 4.540.000
- 4 Sérverkefni hækka um 1.0 millj (Vaxtasamningur) og verður 3.610.000.
5. Keypt áhöld óbreytt er 100.000.
6. Endurgreiðsla Hér. Múl. er óbreytt kr. (400.000)

Vaxtatekjur hækka frá á ætlun um 0.86 millj (endursamið) og verða 1.50millj. Afkoma af reglulegri starfsemi er áætluð jákvæð um kr.1.55 millj og lagt er til að henni verði m.a. varið til að mæta vöxtum af lífeyrisskuldbindingum.

Eftir umræður var svohljóðandi samþykkt samhljóða.

Stjórn SSA samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi endurskoðaða fjárhagsáætlun SSA 2007 og vísar henni til endanlegrar afgreiðslu aðalfundar SSA 2007.

Fjárhagsáætlun SSA árið 2008

Fjárhagsáætlun ársins 2007 gerir ráð fyrir svipuðu umfangi í rekstri SSA og verið hefur. Framlög sveitarfélaga er áætlað að hækki um 3.13% frá framlagi sl. árs.

Framlag Jöfnunarsjóðs er áætlað að hækki um 5,5 % frá endurskoðaðri áætlun 2007

Tekjur eru því áætlaðar að hækki alls um 4.6 % milli ára og verða kr. 24.700.000

Aðrar áætlaðar breytingar frá endurskoðaðri áætlun 2007

Laun og launatengd gjöld hækka um 7.22 % og verða 12.614.000.

Annar stjórnunarkostnaður hækkar um 8.07% og verða 4.205.000

Funda- og ferðakostnaður hækkar um 8.37 % og verða 4.920.000

Sérverkefni hækka um 9.97% og verða 3.970.000

Keypt áhöld o.fl. - óbreytt verða 100.þús.

Endurgreiðslur Héraðsnefndar óbreyttar eða (400 þús.)

Afkoma af reglulegri starfsemi með vaxtatekjum er áætluð jákvæð um 824 þús kr. og lagt er til að henni verði varið til að mæta vaxtagreiðslum af lífeyrisskuldbindingum.

Stærstu verkefni í sérverkefnum 2007 og 2008 eru þáttaka í Vaxtarsamningi , Söguritun SSA ,Eftirfylgni “Svona gerum við” og önnur kynningarverkefni.

Eftir umræður var svohljóðandi samþykkt samhljóða.

Stjórn SSA samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun SSA 2008 og vísar henni til endanlegrar afgreiðslu aðalfundar SSA 2007.

8 Menningarráð Austurlands .

Framlög sveitarfélaga til menningarmála 2005-2006-2007 .

Í samantekt framkvæmdastjóra Menningaráðs til Menntamálaráðuneytisins dagsett 20. apríl sl. kemur fram að aukning fjármagns sveitarfélaga og stuðningsaðila er umtalsverð hærri upphæð en ráð er fyrir gert í 5. og 6.gr. samningsins.

Í umræðum stjórnarmanna kom fram ánægja með þróun mála varðandi starfsemi menningaráðs og tengdra aðila sem fara með samstarfið í menningarmálum á Austurlandi. Sveitarfélögin eru að standa sig vel en sum þeirra glíma á sama tíma við mjög erfiða fjárhagsstöðu. Ó.S sagði að framlög til menningarmála væri sá málaflokkur sem bæjarstjórnin á Seyðisfirði minnkaði ekki framlög til í þeirri hagræðingu í rekstri sem sveitarfélagið stendur í um þessar mundir. Hann sagði það hinsvegar umhugsunarefni að samkomulagið um menningarmiðstöðvarnar fjórar á Austurlandi geri ráð fyrir því að Seyðfirðingar einir leggi Menningarmiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði að lágmarki til sömu upphæð í árlegan rekstarstyrk (4.155 kr. pr. íbúa) og fjölmennari sveitarfélögin til sinna menningarmiðstöðva s.s Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað.(650-700 kr pr. íbúa.).

Menningarmiðstöðvarnar fjórar hafa hver um sig skilgreint sérsvið sem þær eiga að sinna á landshlutavísu.

9. Þekkingarnet Austurlands .

9/1 Ársfundur ÞNA 30. maí sl.

Framkvæmdastjóri sem sat fundinn sagði frá því að stjórn ÞNA hafi ráðið Stefaníu Kristinsdóttir verkefnastjóra Þ.F.A nýjan framkvæmdastjóra ÞNA frá 1. ágúst. nk.

Mikill vöxtur er í starfsemi ÞNA m.a tengd verkefnum í Vaxtarsamningi sem vistað eru hjá ÞNA. Starfsendurhæfing Austurlands er nýtt verkefni sem aðalfundur samþykkti að kanna möguleika á stofnun á í samstarfi við sveitarfélög og aðra opinbera aðila.

9/2 Þekkingarsetur á Egilsstöðum e.hf.

28 apríl sl. var undirritaður samningur um stofnun Þekkingarseturs á Egilsstöðum.

Samninginn undirrituðu forsætisráðherra ,menntamálaráðherra og forseti og bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.

Með samningnum skuldbindur ríkið sig til að leggja núverandi húsnæði Vonarlands, sem hlutafjáreign 125.0 millj.kr, í einkahlutafélag Þekkingarseturs á Egilsstöðum .Jafnframt skuldbindur Fljótsdalshérað og tengdir aðilar sig til að leggja félaginu til sömu upphæð á næstu 10 árum.

Með stofnun þekkingarseturs á Egilsstöðum nú eru þekkingarsetrin orðin þrjú í landshlutanum með Búlandi í Neskaupstað og Nýheimum á Höfn.

10. Svona gerum við : Eftirfylgni SSA.

10/1 Verkefnisstjórn SSA :

Ný verkefnisstjórn SSA , til eftirfylgni, er þannig skipuð.

Stefán Bragason skrifstofustjóri Fljótsdalshéraði.,Steinþór Pétursson aðst.m. bæjarstjóra Fjarðabyggð og Jón Kristján Rögnvaldsson félagsmálastjóri Hornafirði.

Framkvæmdastjóri SSA starfar með stjórninni og faglegur ráðgjafi er Elsa Arnardóttir Fjölmenningarsetri.

Eins og fram kemur í fyrirbyggjandi bréfi framkvæmdastjóra til aðildarsveitarfélaga 21. maí sl. hefur verkefnisstjórn SSA óskað eftir því við Fjarðabyggð verkefnisstjórn “Nýir íbúar á góðum stað” að hún taki að sér vistun og vinni með tillögur þær til úrbóta sem fram eru settar í skýrslu starfshóps SSA . Fjarðabyggð hefur samþykkt að taka að sér verkefnið. Fjármögnun tilrauna -verkefnis Fjarðabyggðar er tryggt með framlagi frá Félagsmálaráðuneytinu 2007-2008. .Steinþór Pétursson er formaður verkefnisstjórnar Fjarðabyggðar.Verkefnisstjóri hefur verið ráðinn Hafliði Hafliðason ÞFA. Verkefnisstjórn Fjarðabyggðar ber því ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu verkefnisins gagnvart SSA,sveitarfélaginu og Fjölmenningarsetri.

Verkefnisstjórn SSA hefur það meginhlutverk að fylgjast með framkvæmd , aðstoða verkefni Fjarðabyggðar og upplýsa aðildarsveitarfélög um framgang verkefnisins .

Hún mun síðan standa að útgáfu á áfangaskýrslu (leiðarvísi) til aðalfundar SSA 2008 sem verður þá til afnota fyrir öll aðildarsveitarfélögin.

11. Tilnefningar SSA.

11/1 Vinnumarkaðsráð Austurlands: Tilnefning SSA

Með bréfi frá Félagsmálaráuneyti til SSA dags.26. apríl er óskað eftir tilnefningu á einum fulltrúa SSA í vinnumarkaðsráð með vísan til 6. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir.

Í samráði formanns við framvæmdaráð SSA er tilnefnt þannig með bréfi til ráðuneytisins 14. maí sl.

Aðalmaður Þorvaldur Jóhannsson Seyðisfirði

Varamaður Soffía Lárusdóttir Fljótsdalshéraði.

11/2 Hreindýraráð : Tilnefning SSA .

Með bréfi umhverfisráðuneytisins til SSA dags. 18. maí sl er óskað eftir því að SSA beiti sér fyrir sameiginlegri tilnefningu á fulltrúa þeirra sveitarfélaga er liggja að veiðisvæði hreindýra (Vopnafjarðarhreppur-Fljótsdalshreppur-Fljótsdalshérað-Borgarfjarðarhreppur-Fjarðabyggð-Breiðdalshreppur-Djúpavogshreppur og sveitarfélagið Hornafjörður).

Að höfðu samráði, framkvæmdastjóri SSA, við aðildarsveitarfélögin er tilnefnt þannig með bréfi til ráðuneytisins 3. júní sl.

Þorvaldur Jóhannsson Seyðisfirði og Gunnþórunn Ingólfssdóttir Fljótsdalshreppi.

12. Önnur erindi, bréf og tilkynningar sem borist hafa.

12/1 Landsvirkjun dags. 07.05.07 : Tilkynning.

Með breytingu á eignarhaldi Landsvirkjunar og breyttum lögum um fyrirtækið er samráðsfundir aflagðir. Landshlutasamtök þurfa því ekki lengur að tilnefna fulltrúa á slíka fundi. Landsvirkjun mun stefna að upplýsinga fundum um málefni fyrirtækisins eftir því sem tilefni eru og til og kappkostað verður að bjóða fulltrúum sveitarfélaga á þá.

12/2 Umhverfisráðuneytið 08.05.07 Tilkynning:

Skipan aðal og vara-fulltrúa í samvinnunefnd miðhálandis.

Tilkynnt er um tilnefningu ráðuneytisins þannig : *Arnór Benediktson Hvanná 11 Fljótsdalshéraði og Guðrún Ingólfssdóttir Víðivöllum fremri Fljótsdalshreppi.*

12/3 Afrit bréf HAUST til Umhverfisstofnunar 18.05.07.

Í bréfinu óskar HAUST eftir fundi með nýjum forstöðumanni stofnunarinnar um framsal eftirlitsverkefna til Haust.

Stjórna SSA ítreka stuðning sinn við óskir HAUST.

12/4 Landsfundur jafnréttisnefnda: Bréf Fjarðabyggð 15.05 .07

Lagt fram til kynningar.

13. Önnur mál.

13/1 Fyrirspurn.

Formaður spurði H.Þ.V. um um aðkomu Sambandsins að lögfræðikostnaði v/ þjóðlendumála. H. Þ.V. svaraði fyrirspurn.

13/2 Kvótaskerðing næsta fiskveiðiár. Ályktun frá SSA.

Ó .S og Ó.Á . vöktu máls á þeirri stöðu sem mörg sjávarútvegspláss standa frammi fyrir ef ráðleggingar Hafró um niðurskurð aflaheimilda í þorski næsta árs verða að veruleika.

Stóru fyrirtækin hafa eitthvert svigrúm og reyna að mæta þeim með tímabundinni hagræðingu en lítil og meðalstór, skuldsett, fyrirtæki sem mörg hver eru uppistaðan í atvinnu sjávarbyggða munu ekki þola svo mikla skerðingu, bótalaust, og einhver þeirra hætta starfsemi. Borgarfjörður-Seyðisfjörður –Djúpivogur-Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík voru þar nefnd til í umræðunni.

Einnig var rætt um byggðakvótann, útteilingu hans. Hann er umdeildur sem úrræði.

Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra, þegar niðurstaða stjórnvalda liggur fyrir, að semja ályktun, sem kynnt verði stjórnarmönnum og send viðkomandi s.s. stjórnvöldum, þingmönnum o.fl.

13/3. Næsti stjórnarfundur verður í ágúst á Borgarfirði.

Fleira ekki fyrirbyggjandi og sleit formaður fundi kl. 14.50.

Að loknum stjórnarfundum SSA, hófst fundur stjórnar Héraðsnefndar Múlasýslna.

Að loknum stjórnarfundum H.NM: Hófst óvissuferð stjórnar í boði Hornafjarðabæjar. Farið var í Osland þar sem stjórnarmenn voru settir í björgunarvesti og tilheyrandi. Siglt var með starfsmönnum “Fjöruferða e.h.f” í Suðurfjörur þar sem stjórnarmenn voru settir á Fjórhlól eftir að hafa verið upplýstir um umferðar og öryggisreglur. Hjólað var og gengið að Hvanneyjarvíti undir leiðsögn heimamanna. Fjórhlólað var um Suðurfjörur undir öruggri stjórn starfsmanna. Í lokin fengu stjórnarmenn frjálstan hjólatíma á ákveðnu afmörkuðu svæði, að viðlagðri refsingu ef svæðið verði yfirgefið. Mikill galsi hljóp í suma stjórnarmenn og stefndi t.d. formaður á haf út og varð að senda Ó.Á. til að bjarga honum. Ó.S. ölkennari og R.A. heimamaður voru tæpir á settum reglum er þeir tættu um svæðið ljómandi af gleði.

Aðrir stjórnarmenn fylgdu settum reglum hjóluðu af nákvæmni og mikilli yfirvegum.

Er í land kom þakkaði formaður heimamönnum skemmtilega ferð.

Á heimleið höfðu stjórnarmenn örstutta við komu í “hreiðri” formanns og frúar sem er að Kerhömrum í Álfafirði en þar er hátt til lofta og vítt til veggja í sérlega stórbrotnu og mögnuðu umhverfi. “Stúdíó” formannsins vakti eftirtekt stjórnarmanna.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson

Prentað af vef www.ssa.is þann 29. júlí 2010 klukkan 14:32.